

*Vegna fyrirspurnar um vegslóða með Esjuhlíðum á Kjalarnesi.*

## Gamli Kjalarnesvegurinn 12687-258-5

Fyrr á öldum lá vegur frá Kollafirði að Bleikdalsá með Esjurótum. Ástæðan fyrir þessari staðsetningu var sú að þar var þurrlendi.<sup>1</sup> Staðsetning leiðarinnar er þekkt og er hún t.d. merkt inn á Herfingjaráðskort frá 1909.<sup>2</sup> Á því korti er leiðin merkt inn sem slóði, en vegir á því korti eru merktir inn með tvöfaldri línu og voru þá vagnafærir.



Mynd 1. Hluti af Herfingjaráðskorti frá 1909.

Ekki er þessi leið merkt inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1831<sup>3</sup>, en þar er sýndur vegur frá Reykjavík að Mógilsá.



Mynd 2 Hluti af korti Björns Gunnlaugssonar.

<sup>1</sup> Pál Línal og fl. 1985. *Ferðafélag Íslands árbók 1985*, bls. 101.

<sup>2</sup> <http://www.lmi.is/kortasafn/> Herfingjaráðskort, 1:50000, Reykjavík. Útgáfustaður Kaupmannahöfn 1909.

<sup>3</sup> <http://islandskort.is/>

Árið 1929 var eldri Vesturlandsvegurinn lagður, en hann er í dag malarborinn. Sá nýjasti var lagður um 1980 og er akvegur í dag (2013).

Leitað var að slóðanum á loftmyndum og hann hnitsettur eftir þeim, sjá mynd 3. Ekki er um nákvæma hnitsetningu að ræða, en hnitsetja þarf slóðann nákvæmlega og meta ástand hans á vettvangi. Ástand slóðans er ekki þekkt nemandi að litlum hluta. Vitað er að hluti leiðarinnar er mjög grýttur þar sem skriður hafa fallið úr hlíðunum, auk þess sem slóðinn er rofinn af lækjum og ám sem eiga það til að hlaupa fram á misjöfnum stöðum niður aurkeilurnar í flóðum og vatnavöxtum.



Mynd 3. Rauð brotalína er „Gamli Kjalanesvegur“. Rauðir punktar eru friðaðar fornleifar.

Vegurinn er skráður í Fornleifaskrá Reykjavíkur undir númerinu 12687-258-5.<sup>4</sup> Komi til framkvæmda í nágrenni við þessa leið eða notkunar á henni eða hluta hennar, þarf leyfi frá

<sup>4</sup> <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=569025>



Minjastofnun Íslands, þar sem leiðin telst til friðaðra fornleifa samkvæmt 3.gr. laga um menningarminjar.<sup>5</sup>

### Nákvæmari myndir af leiðinni.



<sup>5</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012





